

Ársskýrsla 2023





Hornafjörður, náttúrulega! erindi um húmor, mynd HHR

Nýheimar þekkingarsetur Ársskýrsla 2023

Ritstjóri: Hugrún Harpa Reynisdóttir
Texti: Hugrún Harpa Reynisdóttir
 Kristín Vala Þrastardóttir
 Steinunn Hödd Harðardóttir

Umbrot: Kristín Vala Þrastardóttir

Ljósmyndir: Hugrún Harpa Reynisdóttir
 Kristín Vala Þrastardóttir
 Þorsteinn Roy Jóhannsson

Forsíðumynd: Klettafrú, mynd HHR

Prófarkarlestur: Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir

Útgefandi: Nýheimar þekkingarsetur
 Litlubrú 2, 780 Höfn í Hornafirði
 Sími: 470 8088
 Útgáfa: Apríl 2024

Efnisyfirlit

Formáli forstöðumanns	1
Skýrsla stjórnar.....	3
Starfsemi Nýheima þekkingarseturs	4
Starfsfólk	5
Verkefni ársins 2023	6
Ráðgjöf og þjónusta við frumkvöðla og atvinnulíf.....	6
Samstarf um stoðir Nýheima	7
Námsver Nýheima og þjónusta við háskólanema.....	8
Starfastefnumót	9
Valdefling ungmenna	10
Innlend samstarfsverkefni og þjónustuverkefni	11
Þolmarkarannsókn á Breiðamerkursandi	11
Samtök þekkingarsetra	12
Hornafjörður náttúrulega.....	13
Fab stelpur og tækni.....	14
Erlend samstarfsverkefni.....	15
SPECIAL.....	15
Fjárhagur.....	16



Fífutjörn í Suðursveit, mynd HHR



Huguín Harpa, forstöðumaður setursins, mynd ÞRJ

Formáli forstöðumanns

Nýheimar þekkingarsetur var stofnað árið 2013 og varð því tíu ára á árinu, starfsemi setursins hófst hins vegar árið 2014 og telst árið því tíunda starfsár þess. Eins og undanfarin ár gekk starfið vel með öllum sínum fjölbreyttu verkefnum og viðfangsefnum.

Undirrituð endaði formála síðustu ársskýrslu á að fjalla um þau forréttindi sem felast í því að leiða stofnun sem er drifin áfram af ástríðu fyrir málefnum og velferð samfélagsins. Þar sem eru óþrjótandi tækifæri til þess að láta gott af sér leiða. Fyrir samfélag sem okkar eru mikil forréttindi að hafa þær stofnanir sem mynda þekkingarsamfélagið Nýheima. Þær í senn auðga samfélagið með verkefnum sínum og auka á fjölbreytileika atvinnulífs á svæðinu. Faglegt starf þeirra er mikils metið á landsvísu og megum við Hornfirðingar vera stolt af þessum stofnunum. Það er hins vegar gjarnan svo að þegar við höfum búið við eitthvað til lengri tíma kunnum við að taka því sem sjálfsögðum hlut. Vera þessara stofnana hér er hins vegar ekki sjálfsögð og alls ekki í því síbreytilega stofnanaumhverfi sem við á landsvísu búum við. Það er því mikilvægt að við sem samfélag gerum okkur grein fyrir gildi þessara stofnana fyrir samfélag okkar og stöndum vörð um starf þeirra og veru hér. Þó ávallt á þann veg að unnið sé að eðlilegri og jákvæðri þróun þekkingarsamfélagsins með hagsmunum samfélagsins að leiðarljósi.

Nýheimar þekkingarsetur er ein þessara stofnana og hefur setrið með verkefnum sínum unnið að margvíslegum málefnum samfélagsins. Nýjasta dæmið sem mig langar að nefna hér er verkefnið Ungt fólk og efling byggðar en verkefnið er á fyrstu stigum þegar þetta er skrifað. Verkefnið er samstarfsverkefni þekkingarsetursins og Sveitarfélagsins Hornafjarðar og er gott dæmi um það hvernig setrið vinnur með beinum hætti að eflingu byggðar og samfélags í Hornafirði. Ungt fólk verður í forgrunni en með ólíkum verkþáttum verður markvisst stuðla að jákvæðri upplifun og viðhorfi ungmenna til framtíðarinnar í Hornafirði. Verkefnið felur í sér náð samstarf með ungu fólki, fulltrúum úr atvinnulífinu, skólum og öðrum hagsmunaaðilum á svæðinu. Unnið verður að miðlun upplýsinga um fjölbreytt tækifæri til menntunar og atvinnu á svæðinu. Auk þess verður unnið að því að efla og viðhalda tengslum við ungmenni á staðnum, efla félagslega virkni þeirra og samfélagsþátttöku. Einnig verður áhersla lögð á að viðhalda tengslum við ungmenni sem fara annað til að afla sér frekari menntunar.

Þörf fyrir starfsemi og þjónustu setursins hefur aukist mjög og kallað hefur verið eftir aðkomu þess að ýmsum verkefnum. Vegna smæðar setursins hefur því miður ekki verið hægt að sinna öllum þeim verkefnum. Verkefni setursins sýna fram á framlag þess til samfélagsins og undirstrika mikilvægi þess að starfsemin nái að blómstra. Undirrituð hefur víða fjallað um mikilvægi þess að treysta

fjárhagslega grunngerð setursins, þá sérstaklega við fulltrúa ríkis og sveitarfélags.

Líkt og kom fram í síðustu ársskýrslu hefur á síðustu tveimur árum þurft að draga saman í starfseminni. Fjölgun starfsmanna á árunum 2018 – 2021 byggði einvörðungu á góðum árangri í styrkjasókn, sérstaklega í erlenda samkeppnissjóði. Árið 2023 voru opinber framlög til setursins um 41% tekna en aðrar tekjur komu af verkefnatengdum samstarfssamningum og styrkjasókn í samkeppnissjóði. Til skamms tíma er gerlegt að standa undir slíkri sértekjuþörf en til langs tíma er það ekki vænlegt rekstrarform. Þegar svo lítil stofnun sem Nýheimar þekkingarsetur verður svo háð sértekjum hefur það ekki eingöngu áhrif á fjárhagslegan stöðugleika. Það hefur einnig þau áhrif að mikil orka fer í öflun styrkja sem kemur niður á þeim tíma sem starfsmenn hafa til að sinna kjarnastarfseminni. Eftir umfjöllun stjórnar um stöðu mála árið 2022 var tekin sú ákvörðun að vænlegra væri við þessar aðstæður að draga saman seglin, minnka sértekjuþörf setursins og þannig gera starfsfólki kleift að vinna nánar að kjarnaverkefnum starfseminnar.

Á þessum fyrstu tíu árum setursins hefur starfsemi þess þróast og setrið farið í gegnum ólík tímabil sem hafa hvert á sinn hátt skilað dýrmætri reynslu. Á þessu ári liggur fyrir annars vegar endurnýjun samnings við ríki og hins vegar vinna að endurskoðun fimm ára stefnumörkunar setursins. Á slíkum tímamarki er vert að velta fyrir sér hvert hlutverk setursins er og ætti að vera í samfélagi okkar. Við eigum öflugt setur sem hefur á svo margan hátt verið öðrum innblástur og fyrirmynd. Til að ná enn lengra þurfum við að hafa kjark til þess að líta gagnrýnum augum innávið og meta hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara. Aðeins þannig tryggjum við framþróun og árangur í starfi setursins. Ég veit að þennan kjark hafa þeir sem að setrinu standa og hlakka ég til vinnunnar sem bíður okkar.

Huguín Harpa Reynisdóttir

Huguín Harpa Reynisdóttir
Forstöðumaður, 27. mars 2024



Á Mýrum, mynd HHR

Nýheima þekkingarsetur er samstarfshattur ólíkra stofnana sem starfa á sviði menntunar, menningar, nýsköpunar og rannsókna á Suðausturlandi. Aðildarstofnanir setursins eru ellefu talsins: Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Fræðsluskrifstofa Hornafjarðar, Háskólafélag Suðurlands, Matís, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Náttúrustofa Suðausturlands, Ríki Vatnajökuls, Samband sunnlenskra sveitarfélaga, Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands, Vatnajökulspjóðgarður og Vöruhúsið. Fulltrúar í stjórn setursins eru tíu en Matís hefur kosið að tilnefna ekki fulltrúa í stjórn. Árið 2023 voru embætti stjórnar svo skipuð: Steinunn Hödd Harðardóttir formaður, Lilja Jóhannesdóttir varaformaður, Ingunn Jónsdóttir gjaldkeri og Gunnar Þór Jóhannesson ritari. Aðrir stjórnarmenn voru: Eyrún Helga Ævarsdóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Lind Völundardóttir, Bjarni Guðmundsson, Sindri Örn Elvarsson og Kristján Guðnason. Haldnir voru átta stjórnarfundir auk ársfundar en sjá má fundargerðir þeirra á heimasíðu setursins.

Á árinu var starf stjórnar með fremur hefðbundnu sniði þar sem áherslur í starfi setursins og samstarf um stoðir þess voru í forgrunni. Setrið er stofnað sem samstarfsvettvangur þeirra ólíku stofnana sem að setrinu standa. Markmið samstarfsins, eins og því er lýst í skipulagsskrá, er að efla samvinnu og skapa öflugt þekkingarsamfélag á landsbyggðinni, stuðla að jákvæðri byggðapróun á Suðausturlandi og bæta lífsgæði á svæðinu. Stjórnarmenn tóku virkan þátt í samstarfshópum um stoðirnar en auk þess vann stjórn að endurnýjun samstarfssamninga á árinu.

Á fyrstu tíu árum starfseminnar hefur hún tekið út talsverðan þroska en eins og skipulagsskrá ber með sér þá hverfist starf setursins um samfélagið á Suðausturlandi og hagsmunum þess. Samfélag okkar er í stöðugri þróun og hefur stjórn ávallt lagt áherslu á mikilvægi þess að setrið búi yfir þeim sveigjanleika að geta aðlagð starf sitt að þörfum samfélagsins hverju sinni. Það eitt og sér kallar á reglulega umræðu um áherslur, markmið og hlutverk setursins út frá hagsmunum Suðausturlands. Núverandi stefnumörkun setursins gildir til ársloka 2024 og mun stjórn á árinu vinna að endurnýjun hennar. Þá bindur stjórn vonir við að lokið verði við endurnýjun samnings við háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið / HVIN á árinu 2024. Breytingar á málefna sviðum ráðuneytisins frá því sem var þegar samningur var gerður við mennta- og menningarmálaráðuneytið á sínum tíma kalla einnig á umræðu um hlutverk setursins til framtíðar. Stjórn mun hafa samráð við helstu hagaðila setursins í þessari vinnu og hagsmunir, þarfir og væntingar samfélagsins hafðar að leiðarljósi við gerð stefnumörkunar.

Starfsemi setursins undanfarin ár hefur verið til fyrirmyndar þrátt fyrir að verkefna-staða starfsmanna hafi oft verið þung. Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka starfsfólki setursins fyrir vel unnin störf, elju þeirra og metnað fyrir starfi setursins. Það er jákvætt að starfsfólki fari nú fjölgandi og ég vona að sú fjölgun verði fest í sessi til framtíðar.

Steinunn Hödd Harðardóttir
Formaður stjórnar 27. mars 2024



Pistill (Cirsium arvense), mynd HHR

Ýmsar breytingar urðu í starfi setursins á þessu ári með nýjum samstarfssamningum, verkefnum og samstarfsaðilum. Endurnýjun samnings setursins og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hafði í för með sér breytingar á starfsmannahópnum þegar Guðrún Ásdís lét af störfum hjá setrinu. Nánar má lesa um þær breytingar í ársskýrslu þessari. Mig langar að nýta tækifærið hér og þakka Guðrúnu Ásdísi fyrir áralangt samstarf okkar innan setursins og óska henni alls hins besta í nýju starfi.

Við þessar breytingar varð starfsmannahópur setursins tveggja manna teymi en svo fámennt hefur setrið ekki verið síðan árið 2016. Það var því mikið lán að geta leitað til Sigrúnar Ingu og Hrefnu Rúnar sem hafa tekið að sér afmörkuð verkefni og verið dýrmætur liðsauki á annasömum tímum. Í samræmi við ákvörðun stjórnar um að leggja meiri áherslu á kjarnaverkefni setursins var ákveðið að fækka fjölbjóðlegum samstarfsverkefnum setursins og árið 2023 var setrið aðeins þátttakandi í einu slíku verkefni. Setrið er þó ekki hætt að taka þátt í fjölbjóðlegum verkefnum enda er þátttaka í slíkum verkefnum afar mikilvæg uppspretta þekkingar og vegna þeirra býr setrið að öflugum tengslaneti samstarfsaðila víða um Evrópu. Verkefni hafa verið mjög fjölbreytt og sum hver lifað lengur en önnur. Ánægjulegt er að segja frá því að verkefnið Digital Communities, fyrsta Evrópuverkefnið sem setrið stýrði, hefur fengið verðskuldaða athygli eftir að því lauk. Á vormánuðum var óskað eftir kynningu setursins á verkefninu á vefráðstefnu sem bar heitið Strengthening digital skills of rural people to benefit from the digital era. Ráðstefnan var haldin af stuðningsskrifstofu dreifbýlissáttmála Evrópusambandsins (e. Rural Pact Support Office) en sáttmálinn er hluti af framtíðarsýn fyrir dreifbýli ESB og veitir ramma um samvinnu ólíkra aðila. Það var mikill heiður að fá að kynna verkefni setursins á þeim viðburði.

Á haustmánuðum sótti forstöðumaður setursins ráðstefnu Nordregio í Reykjavík en meginviðfangsefni hennar var ungt fólk á Norðurlöndunum. Mörg áhugaverð erindi voru flutt á ráðstefnunni og spennandi að sjá sterk tengsl við niðurstöður þeirra verkefna sem setrið hefur unnið með ungu fólki á síðustu árum. Sérstaklega athyglisvert var norska verkefnið, Nordfjordakademiet, sem var kynnt af Tonje Bjerkan. Verkefnið miðar að því að gera Nordfjord í Noregi að áhugaverðum búsetukosti til framtíðar og skapa öflug tengsl við ungt fólk. Eftir stutt samtál á ráðstefnunni um sameiginlegar áskoranir Nordfjord og Hornafjarðar þótti báðum aðilum liggja beinast við að stofna til samstarfsverkefnis með áherslu á ungt fólk. Undir lok árs var hugmyndin mótuð en með okkur í samstarfinu eru góðir samstarfsaðilar okkar hjá CFL í Söderhamn í Svíþjóð.

Samstarf við Sveitarfélagið Hornafjörð hélt áfram að eflast og nú með nýjum samstarfssamningi um verkefnið Hornafjörður náttúrulega. Verkefnið var eitt það umfangsmesta í starfi setursins á árinu en það er setrinu afar mikilvægt að geta sinnt slíkum verkefnum í heimabyggð.

Fimm starfsmenn störfuðu hjá setrinu á árinu, meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf voru 2,5. Setrið er með skrifstofur á Vesturgangi á neðri hæð Nýheima.

Starfsfólk



Forstöðumaður setursins er Hugufrún Harpa Reynisdóttir. Hugufrún er með BA próf í félagsfræði og MA próf í umhverfis- og auðlindafræði. Sinnir hún daglegum rekstri setursins, öflun fjármagns og verkefna. Einnig vinnur hún að verkefnastjórnun og framkvæmd verkefna setursins. Hugufrún sinnir jafnframt þjónustu og ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja í samstarfi við SASS.

Kristín Vala Þrastardóttir er sérfræðingur hjá setrinu. Hún er með BA próf í spænsku og ferðamálafræði, MS í menningarstjórnun og viðbótardiplóma í opinberri stjórnsýslu. Kristín sinnir verkefnastjórnun og framkvæmd verkefna og hefur umsjón með þjónustu við háskólanema. Sinnir hún jafnframt þjónustu og ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja í samstarfi við SASS.



Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir hefur starfað sem sérfræðingur hjá setrinu, sinnti hún þjónustu og ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja í samstarfi við SASS. Guðrún er með BS próf í bygginga- tæknifræði og mastersgráðu í markaðsfræðum. Guðrún lét af störfum hjá setrinu í júlí.

Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir starfaði sem verktaki hjá setrinu. Sigrún Inga var verkefnastjóri rannsóknaverkefnis um þolmörk Breiðamerkursands. Sigrún Inga er með MS próf í landfræði ásamt viðbótardiplóma í safnafræði.



Hrefna Rún Kristinsdóttir starfaði í tímabundnu hlutastarfi hjá setrinu og vann hún að fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum setursins. Hrefna er með BA próf í þjóðfræði, M.Ed próf í kennslufræði og MA gráðu í menningargreiningu og miðlun.



Klukkublóm (Pyrola minor), mynd HHR

Verkefni ársins 2023

Árið var fremur frábrugðið undanförunum árum hvað varðar verkefni og vann setrið meira að kjarna- verkefnum sínum og staðbundnum samstarfsverkefnum. Aukin áhersla var lögð á vinnu samstarfshópa setursins um stoðirnar en sú vinna er mikilvægur liður í virku samtali um stoðirnar þvert á stofnanir. Aðeins var unnið að einu fjölþjóðlegu samstarfsverkefni á árinu.

Í ársskýrslu þessari verður fjallað um helstu verkefni ársins en auk þeirra sem hér fá sérstaka umfjöllun eru ótalin smærri samstarfsverkefni og önnur verkefni er snúa að stjórnun og daglegum rekstri setursins.

Ráðgjöf og þjónusta við frumkvöðla og atvinnulíf

Á árinu var skrifað undir nýjan samstarfssamning milli þekkingarsetursins og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS). Frá árinu 2016 hafa stofnanirnar átt í samstarfi um hlutverk atvinnuráðgjafa og verkefnastjóra fyrir SASS, þvert á landshlutann. Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir verkefnastjóri í Nýheimum hafði sinnt þeim hlutverkum frá upphafi. Í ágúst tók gildi ný samstarfssamningur sem felur fyrst og fremst í sér þær breytingar að hann nær nú einvörðungu til Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Samfara þessum breytingum lét Guðrún Ásdís af störfum hjá setrinu og var ráðin til starfa sem verkefnisstjóri og kynningarfulltrúi hjá SASS.

Með nýjum samningi urðu til hlutverk byggðapróunarfulltrúa á hverju atvinnusóknarsvæði. Svæðin eru sjö talsins á Suðurlandi og er Hornafjörður eitt þeirra. SASS vill með þessum breytingum leggja meiri áherslu á hvert og eitt atvinnusóknarsvæði. Markmiðið er að stuðla að jákvæðri byggðapróun á hverju svæði út frá áherslum og áskorunum þeirra. Hlutverk byggðapróunarfulltrúa eru m.a. ráðgjöf og handleiðsla í tengslum við atvinnuþróun, nýsköpun og menningarmál, upplýsingamiðlun og öflun upplýsinga á hverju svæði fyrir sig. Byggðapróunarfulltrúar verða jafnframt fulltrúar og ráðgjafar Uppbyggingarsjóðs Suðurlands á sínum svæðum og sinna því samskiptum við umsækjendur og styrkþega sjóðsins. Sjóðurinn veitir styrki til nýsköpunar- og menningarverkefna tvisvar á ári og eru umsóknarfrestir í mars og október. Fjöldmörg hornfirsk verkefni hafa hlotið styrki úr sjóðnum en 26 verkefni hlutu styrk á árinu.

Ráðgjöfin er gjaldfrjálst upp að ákveðnu marki, einstaklingar og fyrirtæki geta nýtt sér sjö klukkustundir í ráðgjöf yfir almanaksárið en stofnanir tuttugu klukkustundir. Kristín Vala Þrastardóttir verkefnastjóri og Hugufrún Harpa Reynisdóttir forstöðumaður setursins sinna hlutverki byggðapróunarfulltrúa og þar með ráðgjöf á svæðinu. eru þær til taks á skrifstofum sínum á Vesturgangi Nýheima. Einnig má hafa samband með tölvupósti á hugrunharpa@nyheimar.is eða kristinvala@nyheimar.is.



Heimsóknir byggðapróunarfulltrúa, tv. í Friðheimum og í Örafum t.h., myndir HHR

Samstarf um stoðir Nýheima

Eitt af megin markmiðum setursins er að stuðla að auknu samstarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila með sérstaka áherslu á menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun. Setrið hefur nú um nokkurt skeið leitt starf samstarfshópa um stoðirnar en í þeim hópum eru fulltrúar aðildarstofnana setursins. Með hópunum hefur verið stuðlað að stöðugu samtali milli stofnana um málefni hvarrar stoðar á Suðausturlandi. Það er von okkar að með tímanum tengist fleiri einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki starfi hópanna í gegnum ólík verkefni þeirra og viðburði.

Menntahvöt Hornafjarðar er samstarfshópur menntastofnana á Hornafirði. Þessar stofnanir eru Nýheimar þekkingarsetur sem leiðir starf hópsins, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Fræðsluskrifstofa Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Háskólafélag Suðurlands, Rannsóknasetur Háskóla Ísland og Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi.

Markmið hópsins og tilgangur er að styðja við menntun íbúa á Suðausturlandi. Áhersla er lögð á miðlun upplýsinga um námstækifæri sem og hvatningu og stuðning við íbúa til að sækja sér hvers konar menntun og fræðslu. Sérstaklega verður lögð áhersla á tækifæri íbúa til menntunar óháð búsetu. Þá mun hópurinn leitast við að styðja við fyrirtæki og stofnanir til að efla starfspróun og endurmenntun starfsmanna sinna.

Nýsköpunarnetið sem er skipað fulltrúum setursins, Vöruhússins, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Háskólafélags Suðurlands hélt áfram samstarfi sínu og samtali um nýsköpun í sveitarfélaginu. Aðstöðumál frumkvöðla er eitt þeirra viðfangsefna sem hópurinn hefur unnið að og var því afar ánægjulegt þegar frumkvöðlahreiður var opnað í Miðbæ á Höfn. Opnun hreiðursins tengist samstarfsverkefni um netverk fyrir frumkvöðla á Suðurlandi sem Háskólafélag Suðurlands leiðir. Nýheimar þekkingarsetur, Háskólafélag Suðurlands og Sveitarfélagið Hornafjörður gerðu á árinu með sér samstarfssamning um frumkvöðlahreiður á Höfn. Sveitarfélagið útvegar aðstöðu hreiðursins en þekkingarsetrið veitir stuðning, ráðgjöf og leiðsögn til frumkvöðla.

Miðlun upplýsinga um stoðkerfi nýsköpunar á svæðinu og ýmis tækifæri sem felast í hinum fjölbreyttu sjóðum sem styðja við nýsköpun hefur einnig verið viðfangsefni samstarfsins. Þegar þetta er skrifað hefur hópurinn farið af stað með vikulegt frumkvöðla- og einyrkjakaffi í Nýheimum. Með viðburðinum vill hópurinn efla tengsl við einyrkja og frumkvöðla á svæðinu, miðla upplýsingum og heyra hvað brennur helst á þátttakendum.

Menningarhópur Nýheima hefur farið rólega af stað en hópurinn hefur fjallað talsvert um húsnæði Nýheima og ýmis mikilvæg atriði er varða hlutverk hússins sem vettvangur samfélagsins til samskipta og samveru. Menningarhópurinn vinnur að drögum að móttökuáætlun svo efla megi húsnæðið sem menningarhús Hornafjarðar og auka aðgengi að upplýsingum og rýmum hússins.

Rannsóknarhópur Nýheima fór af stað á haustmánuðum og hafa fyrstu fundir verið nýttir í að rýna málefni stoðarinnar, áherslur og fyrstu viðfangsefni samstarfsins. Hópurinn hefur fjallað um hlutverk Nýheima sem miðstöð rannsókna á Hornafirði auk þess að fjalla um aðstöðu fyrir rannsakendur sem starfa á svæðinu eða koma til að vinna að rannsóknum sínum.

Meðal fyrstu verkefna hópsins er að rýna sérsvið stofnana á svæðinu og möguleika innan fyrirtækja til rannsóknaverkefna. Lögð verður áhersla á að miðla þeim tækifærum sem eru á svæðinu meðal háskólanema í samstarfi við háskóla landsins. Auk þekkingarsetursins standa að hópnum fulltrúar frá Náttúrustofu Suðausturlands, Háskóla Íslands, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Vatnajökuls-þjóðgarði og Háskólafélagi Suðurlands.



Verkefnastjórar á vinnufundi starfsmanna sveitarfélagsins í Vöruhúsinu, mynd óþk.

Námsver Nýheima og þjónusta við háskólanema

Í Nýheimum gefst öllum háskólanemum kostur á að nýta sér námsaðstöðu á Austurgangi. Setrið veitir háskólanemum aðgang að námsverinu sem hefur verið nokkuð vel nýtt af hornfirskum háskólanemum en á árinu voru 22 virkir notendur að námsverinu. Setrið veitir einnig þjónustu í tengslum við próftökur en árið 2023 þreyttu samtals 36 nemar 128 háskólapróf sem er talsverð fjölgun frá árinu áður en þá voru nemarnir 31 og tóku 86 próf. Aldrei hafa verið tekin jafn mörg háskólapróf í Nýheimum. Aðstaða til próftöku er í kennsluveri á Austurgangi.

Setrið leggur áherslu á að skapa hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur þar sem þeim gefst kostur á að vera hluti af fræðasamfélagi og stunda nám á eigin forsendum í heimabyggð. Háskólanemar sem nýta þjónustu og aðstöðu í Nýheimum fá einnig aðgang að læstum skáp, eldhúsi, kaffistofu, interneti og fundaraðstöðu í samráði við verkefnastjóra. Nemar sem nýta aðstöðuna gera námsaðstöðusamning við setrið en aðstaðan er nemum að kostnaðarlausu á opnunartíma Nýheima. Nemar sem óska eftir þjónustu vegna próftöku greiða fyrir hana lágmarksgjald. Fyrir þá nema sem vilja nýta sér húsnæði Nýheima utan opnunartíma er í boði að fá lykil að aðstöðunni gegn 5.000 kr. tryggingu sem endurgreiðist við samningslok.

Nemendur sem nýtt hafa aðstöðu og þjónustu setursins koma úr röðum flestra háskóla landsins auk erlendra skóla. Setrið hefur í auknum mæli einnig haft umsjón með prófum á sviði símenntunar í samstarfi við skóla og stofnanir. Slíkum prófum fjölgaði líka og voru þau átján talsins í umsjón Nýheima á árinu.

Umsjón með þjónustu við háskólanema hefur Kristín Vala.

Starfastefnumót

Starfastefnumót var haldið í Nýheimum í annað sinn í október. Tilgangur viðburðarins var að gera fjölbreytileika atvinnulífs svæðisins sýnilegan og bjóða fyrirtækjum á stefnumót við mögulega starfsmenn framtíðarinnar og samfélagið allt. Áhersla var lögð á fjölbreytt tækifæri til náms og starfa á svæðinu og að skapa umræðu um þróun starfaumhverfisins. Þá vildi setrið með viðburðinum vekja áhuga ungmenna á framtíðinni í sveitarfélaginu.

Starfastefnumótið var unnið í samstarfi við Grunnskóla Hornafjarðar, Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu, Sveitarfélagið Hornafjörð og fyrirtæki á svæðinu. Allir nemendur grunnskólans komu í skipulagða heimsókn í Nýheima. Þá var dagurinn hluti af vísindadögum nemenda í framhaldsskólanum en nemendum var skipt í hópa sem rannsökuðu starfsframboð, menntunarkröfur og annað er tengist vinnumarkaðnum í sveitarfélaginu. Einn hópur nemenda tók þátt í skipulagi og undirbúningi viðburðarins ásamt verkefnastjórum setursins. Sá hópur sá meðal annars um skipulag og uppsetningu á básum, veitingar, gerð auglýsinga og miðlun á samfélagsmiðlum.

Fulltrúar um 40 fyrirtækja og stofnana kynntu starfsemi sína á viðburðinum og var ýmislegt við að vera yfir daginn og margt að skoða á básum fyrirtækja og stofnana. Dagskránni lauk svo með erindi frá ungum frumkvöðli, Nökkva Dan Elliðasyni, sem sagði frá sinni vegferð sem frumkvöðull.



Af námskeiði með vinnuskóla Sveitarfélagsins sumarið 2023, mynd HHR.



Myndir frá Starfastefnumóti 2023, myndir óþk.

Valdefling ungmenna

Vinna setursins að málefnum ungs fólks hélt áfram á árinu, með áherslu á valdeflingu hópsins, þátttöku ungmenna og líðan innan samfélagsins. Þekkingarsetrið hefur átt í góðu samstarfi við Ungmennaráð Hornafjarðar og nemendaráð FAS. Viðburðir setursins hafa fram til þessa verið miðaðir að ungmennum á framhaldsskólaaldri en í fyrsta sinn hélt setrið valdeflandi viðburði fyrir börn á grunnskólaaldri. Í tengslum við fjölpjódlega samstarfsverkefnið SPECIAL var á vormánuðum haldinn viðburður fyrir nemendur í 10. bekk Grunnskóla Hornafjarðar. Þar var fjallað um mikilvæg atriði er varða jákvæð samskipti og félagsfærni, svo sem tjáningu, hlustun, skapandi og lausnamiðaða hugsun og aðlögunarhæfni. Einnig var fjallað um markmiðasetningu, tilgang hennar og ávinning.

Í tengslum við Hornafjörð náttúrulega verkefnið hélt setrið svo námskeið fyrir börn og ungmenni í vinnuskóla Hornafjarðar. Þar var fjallað um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og mikilvægi þess að allir leggi sitt af mörkum til að skapa betra samfélag fyrir okkur öll. Fjallað var um hvað sjálfbær þróun er og rýnt nánar í heimsmarkmið númer fimm, jafnrétti kynjanna og númer tólf um ábyrga neyslu og framleiðslu. Mikil áhersla var lögð á tækifæri einstaklinga til þess að hafa jákvæð áhrif og þannig styðja við sjálfbæra þróun.

Á síðustu árum hefur setrið framkvæmt fjölda viðhorfskannana þar sem meðal annars hefur verið fjallað um félagsleg tengsl og búsetuval. Viðhorf ungmenna til samfélagsins og tækifæra til atvinnu og menntunar á staðnum hafa einnig verið könnuð. Niðurstöður kannana sýna tengsl þessara þátta og ákvarðana ungs fólks um framtíðina.

Undir lok árs hóf setrið undirbúning þróunarverkefnis að norski fyrirmynd. Leitaði setrið eftir samstarfi við Sveitarfélagið Hornafjörð um verkefnið og tóku fulltrúar þess þátt í mótun hugmyndarinnar. Nýir samstarfsaðilar setursins í Norfjord hafa stutt við mótun verkefnisins og miðlað af reynslu sinni og þekkingu. Með verkefninu verður unnið með markvissari hætti en áður að því að stuðla að jákvæðari sýn ungmenna á tækifæri í heimabyggð og efla tengsl þeirra við samfélag. Enn fremur er markmið verkefnisins að skapa samfélag sem er vænlegur búsetukostur í hugum ungs fólks.

Innlend samstarfsverkefni og þjónustuverkefni

Þolmarkarannsókn á Breiðamerkursandi

Nýheimar þekkingarsetur og Náttúrustofa Suðausturlands höfðu umsjón með verkefninu sem var unnið að beiðni Vatnajökulsþjóðgarðs. Verkefnið var liður í Vörðu, sameiginlegu verkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Varða byggir á heildstæðri nálgun í stjórnun áfangastaða og var Breiðamerkursandi einn af fjórum fyrstu áfangastöðunum sem unnið var með í verkefninu. Vörður eru merkisstaðir á Íslandi sem teljast einstakir á lands- og heimsvísu. Meginaðdráttarafli þeirra eru náttúrufrábærir og/eða menningarsögulegar minjar sem mynda sérstætt landslag eða landslagsheildir.

Markmið verkefnisins var að meta ástand náttúru og innviða á Breiðamerkursandi í ljósi vaxandi umferðar ferðafólks um svæðið og greina mögulegar aðgerðir til að tryggja stöðugleika og jákvæða framvindu þess. Verkefnið fól í sér margþætta gagnaöflun, kannanir og úttektir á vettvangi ásamt samráði við sérfræðinga. Auk umsjónaraðila verkefnisins höfðu Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Náttúrustofa Austurlands, Efla verkfræðistofa og Vegagerðin aðkomu að vissum þáttum verkefnisins.

Verkefnið hófst í ágúst 2021 og lauk í maí 2023, verkefnastjóri var Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir.



Frá Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi, mynd KVP



Myndir frá ársfundi SPS, myndir HHR

Samtök þekkingarsetra

Nýheimar þekkingarsetur er aðili að Samtökum þekkingarsetra. Samtökin eru netverk þekkingarsetra á landsbyggðinni sem starfa samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Meðal samningsbundinna verkefna setranna eru rannsóknir og þróun til eflingar byggðar, þjónusta við háskólanema, hagnýting og miðlun þekkingar sem og efling nýsköpunar, atvinnu og samfélagsþróunar. Samtökin hafa þann tilgang að efla samvinnu setranna á landsbyggðinni, gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra og efla skilning á mikilvægi starfseminnar. Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir hjá Þekkingarneti Þingeyinga er formaður stjórnar en með henni í stjórn eru þau Ingunn Jónsdóttir hjá Háskólafélagi Suðurlands og Hanna María Kristjánsdóttir hjá Þekkingarsetri Suðurnesja.

Starfsmenn Nýheima sóttu fjórða ársfund samtakanna sem haldinn var á Selfossi í ágúst en í tengslum við fundinn stóðu samtökin einnig fyrir málþingi. Þar voru til umfjöllunar þau verkefni og hlutverk sem setrin gegna á sínum svæðum og mikilvægi þeirra í samfélaginu. Einnig var rætt um það rekstrarumhverfi sem setrin búa við, verandi með lausa samninga við háskóla-, iðnaðar og nýsköpunar ráðuneytið / HVIN síðan 2018. Til þingsins voru boðaðir fulltrúar ráðuneytisins, eigenda setranna og aðstandenda.

Á ársfundi voru haldnir umræðu- og vinnufundir um sameiginlegar áherslur þekkingarsetranna, ræddu fulltrúar þeirra möguleg samstarfsverkefni og aukið samstarf. Stofnaðir voru tveir samstarfs hópar, annars vegar um menntun og hins vegar um rannsóknir. Með starfi hópanna og reglulegum fundum vilja setrin auka enn frekar samtal sitt og samstarf um sameiginleg viðfangsefni sín. Næsti ársfundur verður haldinn af Þekkingarneti Þingeyinga á Húsavík.



Myndir frá vinnufundum, myndir HHR og óþk.

Hornafjörður náttúrulega

Hornafjörður náttúrulega er verkefni á vegum Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem felur í sér innleiðingu samnefndrar heildarstefnu í starf allra stofnana sveitarfélagsins. Stefnan byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en fjórar stoðir stefnunnar eru umhverfis- og loftslagsmál, félagslegir þættir, hagsæld og stjórnarhættir.

Þekkingarsetrið fór með verkefnastjórn og vann að verkefninu í nánú samstarfi við sviðsstjóra sveitarfélagsins og starfsfólk stofnana. Fyrsta ár verkefnisins var helgað vitundarvakningu um áherslur stefnunnar innan stofnana og nærsamfélagsins. Við upphaf verkefnisins var haldin vinnustofa með fulltrúum allra stofnana þar sem stoðir stefnunnar voru rýndar og gerðar tillögur að mögulegum aðgerðum ólíkra stofnana. Í kjölfarið voru haldnir vinnufundir í hverri stofnun þar sem starfsfólk valdi megin áherslur sinnar stofnunar innan hvernar stoðar.

Fjórir átaksmánuðir voru haldnir yfir árið sem hver fyrir sig var helgaður einni stoð stefnunnar. Í hverjum þeirra var mikið lagt upp úr því að kynna og miðla áherslum Hornafjörður náttúrulega til starfsfólks og íbúa. Stofnanir unnu að sínum aðgerðum auk þess sem haldin voru fjölbreytt fræðsluerindi fyrir starfsfólk þeirra. Verkefnastjórar unnu einnig að miðlun til íbúa með fjölbreyttum hætti og stóð verkefnið jafnframt fyrir viðburðum og fræðsluerindum fyrir íbúa.

Framhald verður á verkefninu á árinu 2024 og unnið frekar að innleiðingu stefnunnar. Verkefnastjórar setursins munu áfram leiða verkefnið.

Fab stelpur og tækni

Verkefninu Fab stelpur og tækni lauk á árinu. Verkefnið miðaði að því að auka áhuga stúlkna á aldrinum 14 - 20 ára á að nýta Fab Lab smiðjur og læra á stafræn tæki í tengslum við sitt áhugasvið. Enn fremur að fræða ungar stúlkur um heim tækninnar og fjölbreytta möguleika tæknináms og -starfa. Með verkefninu var unnið að því að brjóta niður staðalímyndir og hvetja ungar stúlkur til virkni á sviði nýsköpunar og tækniþróunar. Verkefnið var fræðslusamstarf Vöruhússins/Fab Lab, grunn- og framhaldsskóla í Hornafirði og Nýheima þekkingarseturs.

Nýheimar þekkingarsetur og Vöruhúsið sóttu um og hlutu styrk fyrir verkefnið úr Lóu – nýsköpunarsjóði landsbyggðarinnar. Verkefnið hófst á haustmánuðum 2022 en lokaskýrslu var skilað í ágúst 2023. Verkefnið fól í sér þróun námskeiðs og námskeiðsgagna en haldin voru tvö prufunámskeið. Á þeim lærðu þátttakendur meðal annars að vinna með þrívíddargögn og prenta út í þrívíddarprentara, teikna í vektor teikniforritinu Inscap og skera út í laserskera. Einnig fengu þátttakendur fræðslu um Arduino iðntölvur, lærðu um RGB LED borða og hvernig má stýra þeim með iðntölvu. Fyrir utan þessa fræðslu fengu þátttakendur kynningar um kvenkyns fyrirmyndir, bæði íslenskar og erlendar.

Seinna prufunámskeið verkefnisins var haldið í upphafi árs en það var haldið fyrir stúlkur í efstu bekkjum Grunnskóla Hornafjarðar. Námskeiðið var mjög svipað því sem haldið var fyrir stúlkur á framhaldsskólaaldri en þar sem um yngri þátttakendur var að ræða voru verkefni og námsefnið einfölduð lítillega. Þátttakendur á seinna námskeiðinu bjuggu til LED plexilampa líkt og eldri þátttakendur en með örlítið einfaldari forritun.



Höfn, mynd HHR

Erlend samstarfsverkefni

Nýheimar þekkingarsetur hefur frá stofnun tekið þátt í þónokkrum alþjóðlegum samstarfsverkefnum sem flest hafa verið styrkt af Erasmus+, samstarfsáætlun Evrópusambandsins. Þetta árið var setrið þátttakandi í einu slíku verkefni en það er talsverð fækkun frá fyrri árum. Setrið var aðili að tveimur umsóknum á árinu en þau verkefni hlutu því miður ekki styrk. Undir lok árs var unnið að umsókn um norrænt samstarfsverkefni til Nordplus og þá hófst einnig vinna við gerð tveggja umsókna fyrir 2024 úthlutun Erasmus+.

Fjölbjóðlegt tengslanet setursins heldur áfram að vaxa og ásókn í samstarf við setrið eykst ár frá ári. Setrið hefur skapað sér gott orðspor á fjölbjóðlegum vettvangi og er það mikill styrkur fyrir starf þess. Stöðugt er unnið að því að útvíkka tengslanet setursins og í þeim tilgangi sótti verkefnastjóri þess tengslaráðstefnu í Drammen í Noregi en setrið hlaut styrk frá landsskrifstofu Erasmus+ á Íslandi til ferðarinnar.

Á vormánuðum komu góðir vinir og samstarfsaðilar frá Söderhamn í Svíþjóð í heimsókn en tilgangur heimsóknarinnar var undirbúningur styrkumsóknar. Á haustmánuðum hófst svo nýtt samstarf milli Nýheima, CFL í Söderhamn og Nordfjordakademiet í Noregi og er það fyrsti norræni samstarfshópur setursins. Öllu fjölbjóðlegu samstarfi fylgja verðmæt tækifæri til yfirfærslu þekkingar og erum við afar spennit fyrir hinu nýja norræna samstarfi.



Myndir frá fundi samstarfsaðila á Húsavík sumarið 2023, myndir HHR og óþk.

SPECIAL

Á árinu lauk verkefninu SPECIAL: Supporting and Promotion EntreComp through Innovative Advanced Learning. Verkefnið, sem hófst í lok árs 2021, var samstarfsverkefni sjö aðila frá sex Evrópulöndum, styrkt af Erasmus+. Sótt var um verkefnið á Íslandi og fór Þekkingarnet Þingeyinga á Húsavík með verkefnastjórn en aðrir þátttakendur í verkefninu komu frá Belgíu, Ítalíu, Spáni, Rúmeníu og Svíþjóð.


Verkefnið miðaði að því að styrkja, endurvekja og hlúa að lífsleikni og mjúkri færni ungs fólks sem hvorki stundar nám né atvinnu eða tekur þátt í félagsstarfi. Markmið verkefnisins var að styðja hópinn til þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði. Við lok hvers Evrópuverkefnis er haldinn kynningarviðburður þar sem markmiðið er að miðla upplýsingum um verkefnið og afurðir þess innan nærsamfélagsins. Að þessu sinni var haldin kynning fyrir kennara í Heppuskóla en nemendur í 10. bekk Grunnskóla Hornafjarðar voru þátttakendur í prufunámskeiði verkefnisins á vormánuðum. Lokafundur verkefnisins var haldinn á Húsavík í júní og lokaskýrslu þess skilað í desember. Við skil lokaskýrslu eru öll verkefni metin af sérfræðingum utan landsskrifstofu og gefin einkunn Gleðilegt er að geta greint frá því að SPECIAL hlaut 93 stig af 100 mögulegum og telst þar með til fyrirmyndarverkefna í Erasmus+.



Fjárhagur


KPMG ehf. annast bókhalds- og launavinnslu auk endurskoðunar, reikningsskila og skattskila fyrir Nýheima þekkingarsetur. Samkvæmt ársreikningi Nýheima þekkingarseturs fyrir árið 2023 námu rekstrartekjur 70,0 millj. króna. Rekstrarniðurstaða setursins var jákvæð um 13,8 millj. króna og var sú upphæð færð til hækkunar á eigin fé setursins. Opinber framlög frá ríki námu tæpum 28,9 millj. króna og framlög frá SASS vegna samstarfssamnings tæpum 9,8 millj. króna. Tekjur af styrkjum úr verkefnasjóðum og aðrar tekjur námu samtals 31,3 millj. króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir setursins tæpum 21,3 millj. króna og bókfært eigið fé í árslok var 20 millj. króna. Nánari upplýsingar um fjárhag setursins má finna í ársreikningi þess.

Tekjur 2023



■ Opinber framlög HVIN ■ Framlög SASS ■ Styrkir og framlög

Gjöld 2023



■ Laun og launatengd gjöld ■ Verkefnakostnaður ■ Annar rekstrarkostnaður



www.nyheimar.is